

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Flóahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Flóahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

*Deiliskipulag, Svarfhólsvöllur, landnr. 166322, golfvöllur Golfklúbbs Selfoss.*

Skipulagið tekur til svæðis meðfram Ölfusá í landi Laugardæla. Landsvæðið afmarkast af helgunarsvæði fyrirhugaðs nýs þjóðvegur nr. 1 til suðurs, bökkum Ölfusár til vesturs og skilgreindum landamörkum að landi Laugardæla til norðurs og austurs. Núverandi golfvöllur stækkar úr 9 holu í 18 holu golfvöll, ásamt tilheyrandi æfingasvæðum og völlum. Stærð skipulagssvæðisins og golfvallarins er um 70 ha.

Samþykkt í sveitarstjórn 4. júní 2019.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Laugarvatni, 2. júlí 2019.*

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

**Rúnar Guðmundsson.**

---

B-deild – Útgáfud.: 3. júlí 2019